

**Nd.**

**397. Frumvarp til laga**

[202. mál]

um embættisgengi kennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

**Almenn ákvæði.**

**1. gr.**

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal ein námseining jafngilda fullri námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu einingakerfi skal staðfest af matsnefnd sem menntamálaráðuneytið skipar þannig: Einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin leitar upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á, en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

**2. gr.**

Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildir a. m. k. 30 námseiningum, auk annarrar tilskilinnar menntunar sem tilgreind er í öðrum greinum þessara laga, sbr. þó 9. gr.

**3. gr.**

Kennarar sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt skulu fá þessa menntun viðurkennda, sbr. 1. gr. ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans,
- b) að fyrir liggji matshæf gögn varðandi námið,
- d) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

4. gr.

Nú hefur umsækjandi um kennarastöðu stundað nám við erlenda menntastofnun og leggur fram prófskirteini eða námsvottorð. Leiki vafi á hvort umsækjandi hafi aflað sér þeirrar menntunar sem krafist er til starfsins skal matsnefnd, skv. 1. gr., meta hæfni umsækjandans að því er menntun varðar.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur og skipar kennara, yfirkennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla.

Um meðferð umsókna um stöður við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Þegar um er að ræða sömu stöður við framhaldsskóla skal leita umsagna skólastjóra og/eða skólanefndar.

Í auglýsingum um kennarastöðu skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar eða aldursstig nemenda sem kennara er ætlað að kenna.

6. gr.

Sæki fleiri en einn kennari um sömu stöðu og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

7. gr.

Eigi skal skipa kennara við skóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Sæki enginn um stöðu kennara sem fullnægir ákvæðum þessara laga um menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd telur hæfan.

8. gr.

Til þess að verða skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri, en tvö sé um heimavistar-skóla að ræða. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum. Sæki enginn um stöðu skólastjóra sem fullnægir ákvæðum þessarar greinar varðandi menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólanefnd telur hæfan.

9. gr.

Kennarar, sem lokið hafa kennaranámi fyrir gildistöku þessara laga eða hafa verið settir eða skipaðir í kennara- og skólastjórastöðu fyrir sama tíma, halda óskertum réttindum sem þeir hafa nú lögum samkvæmt.

10. gr.

Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd, skv. 1. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara eða skólastjóra skólans enda sé það ekki tekið fram í lögum eða reglugerðum fyrir viðkomandi skóla. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

## II. Grunnskóli.

### 11. gr.

- a) Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla, í öðrum greinum en um getur í c-, d- og e-lið þessarar greinar, skal umsækjandi hafa lokið
- 1) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
  - 2) kennaranámi á háskólastigi, ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein eða á sérsviði.
  - 3) öðru jafngildu námi.
- b) Kennarar sem lokið hafa B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands, B.A.-prófi, B.S.-prófi eða cand.mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum og fullnægja einnig skilyrðum 2. greinar hafa rétt til kennslu í grunnskóla.
- c) Sérkennarar afbrigðilegra nemenda á grunnskólastigi skulu auk almennrar kennarmentunar, sbr. a-lið, hafa lokið fullgildu framhaldsnámi í sérgrein sinni svo sem hér segir:
- 1) kennarar treglæsra og tornæmra barna 30 námseiningum,
  - 2) talkennarar, blindrakennarar, heyrnleysingjakennarar, kennarar þjálfunar- og hæfingarskóla, kennarar fjölfatlaðra barna og atferlistruflaðra barna 60 námseiningum.
- d) Til þess að verða skipaður handmenntakennari, myndiðakennari, tónmenntakennari eða kennari í heimilisfræðum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 námseiningar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.
- e) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við grunnskóla skal umsækjandi
- 1) hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum eða
  - 2) öðru jafngildu námi.

### 12. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við forskóla skal umsækjandi hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, sbr. 11. gr., a-lið. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með menntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

## III. Framhaldsskólar.

### 13. gr.

Til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 náms- einingum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 60 einingar í sérgrein.

### 14. gr.

Kennarar, sem hafa lokið B.A.- B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar.

#### 15. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.

- a) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa
  - 1) lokið námi og fullgildum prófum frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða
  - 2) öðru jafngildu námi.
- b) Til þess að verða skipaður kennari í list- og verkmenntagreinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í listaháskóla eða öðrum sérskólum sem jafngildir a. m. k. 90 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.
- c) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal umsækjandi
  - 1) a. m. k. hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistaraáráttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða, og
  - 2) hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.
- d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal umsækjandi hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlistir.
- e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal umsækjandi fullnægja öðru hvoru eftirfarandi skilyrða:
  - 1) hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða
  - 2) hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnaráttindi, auk starfsreynslu og meistaraáráttinda.
- f) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við hjúkrunarskóla skal umsækjandi hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða öðru jafngildu námi.
- g) Til þess að verða skipaður kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum í framhaldsskóla, skal umsækjandi hafa lokið hússtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru námi sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

#### 16. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.

- a) Til þess að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.
- b) Til þess að verða skipaður kennari í myndlistar- og listiðnagreinum við Myndlista- og handiðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal umsækjandi hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, í listaháskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
- c) Til þess að verða skipaður kennari í tónlistargreinum við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík verður umsækjandi að fullnægja þessum skilyrðum:
  - 1) hafa tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfæraleik, söng eða tónfræðum, eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu eða

- 2) hafa lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (Conservatoire) eða tónlistarháskóla eða
- 3) hafa sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
- d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum Hótel- og veitingaskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og hafa 2 ára starfsreynslu við hótelsstörf eða skyldan rekstur.
- e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.

#### 17. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur, skal umsækjandi hafa

- 1) lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands, og
- 2) sérhæft sig til starfsins við stofnun sem menntamálaráðuneytið samþykkir; skal námið jafngilda a. m. k. 60 námseiningum.

Heimilt er að setja kennara með fullgildu kennaraprófi við hlutaðeigandi stofnun (skóla) um eins árs skeið til reynslu, enda sérhæfi hann sig síðan til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

#### 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75, 28. nóv. 1919.

Lög um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 20, 1. feb. 1936.

Lög um menntun kennara nr. 16, 12. mars 1947, að því er tekur til 49., 51. 52., 53. og 54. gr.

2. gr., fyrsta málsgrein, laga um Íþróttakennaraskóla Íslands, nr. 65, 29. maí 1972 um réttindi til íþróttakennslu.

18. gr. íþróttalaga nr. 49, 7. apríl 1956.

6. gr. laga um heyrnleysingjaskóla, nr. 13, 31. mars 1962.

11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22, 3. maí 1972.

11. gr. laga um Stýrimannaskólanna í Vestmannaeyjum, nr. 1, 2. jan. 1973.

6. gr. laga um Hótel- og veitingaskóla Íslands, nr. 6, 30. mars 1971.

4. gr. laga um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 35, 18. apríl 1962.

10. gr., önnur málsgrein, laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38, 11. maí 1965.

18. gr. laga um Fósturskóla Íslands, nr. 10, 6. apríl 1973.

14. gr., fyrsta málsgrein, laga um menntaskóla nr. 12, 25. mars 1970 að því er tekur til kennara og skólastjóra.

15. gr. laga um menntaskóla, nr. 12, 25. mars 1970.

18. gr. laga um iðnfræðslu nr. 68, 11. maí, 1966 að undanskildum ákvæðum greinarinnar um stundakennara og erindisbréf kennara og skólastjóra.

Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

19. gr.

Peir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Afhugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. desember 1970 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að semja „tillögur í frumvarpsformi um ákvæði varðandi skilyrði, sem fullnægja þarf til þess að vera settur eða skipaður kennari við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla“.

Nefndin var þannig skipuð:

Björn Bjarman, kennari, tilnefndur af Landssambandi framhaldsskólakennara;

Björn Þ. Jóhannesson, kennari, tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands;

Guðmundur Eggertsson, prófessor, tilnefndur af háskólaráði;

Ingólfur A. Þorkelsson, kennari, tilnefndur af Félagi háskólamenntaðra kennara;

Skúli Þorsteinsson, námsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra barnakennara;\*)

Þórður Örn Sigurðsson, menntaskólakennari, tilnefndur af Félagi menntaskólakennara;

Hörður Lárusson, sérfræðingur í Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og var hann formaður nefndarinnar.

Nefndin hafði hliðsjón af frumvarpi til laga um skólakerfi, frumvarpi til laga um grunnskóla og frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lögð voru fram á Alþingi veturinn 1970—1971. Frumvarpið um Kennaraháskóla Íslands varð að lögum á sama þingi en lög um skólakerfi og lög um grunnskóla voru ekki samþykkt fyrr en í maí 1974.

Nefndin gekk fyrst frá tillögum varðandi kennara í bóklegum greinum við barna- og gagnfræðaskóla (grunnskóla), framhaldsdeildir gagnfræðaskóla og menntaskóla, og afhenti þær þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasyni, með bréfi dags. 12. febrúar 1971.

Nefndin vann síðan áfram að gerð hliðstæðra tillagna fyrir sérgreinakennara við áður nefnda skóla, auk tillagna um menntun og réttindi kennara við sérskóla, og skilaði endanlegum tillögum í maí 1972.

Ýmsar ástæður ollu því að frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi árið eftir en veigamesta ástæðan mun hafa verið sú að frumvörp til laga um skólakerfi og grunnskóla höfðu ekki hlotið samþykki Alþingis en tillögur nefndarinnar miðuðust verulega við þau eins og áður segir.

Þegar lög um skólakerfi og lög um grunnskóla voru samþykkt í maí 1974 var það langur tími liðinn frá samningu þessa frumvarps að nauðsynlegt reyndist að endurskoða það m. t. t. breyttra viðhorfa.

Aðstæður á framhaldsskólastigi höfðu breyst verulega, t. d. voru samþykkt á Alþingi árið 1973 lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla og auk þess voru uppi mjög sterkar raddir meðal skólamanna um að stefna bæri að samræmingu alls náms í framhaldsskólum.

Í lok ársins 1974 var hafin endurskoðun á tillögunum. Var leitað til sömu aðila og upphaflega áttu sæti í nefndinni, og farið yfir frumvarpið með þeim. Jafn-

\*) Vegna veikinda varð Skúli Þorsteinsson að segja sig úr nefndinni áður en hún hafði lokið störfum. Samband íslenskra barnakennara tilnefndi þá Þorstein Sigurðsson kennara í hans stað.

**Fastir kennarar við grunnskóla skólaárið 1977/78.  
Skipting eftir prófum og kjördæmum.**

	Reykjavík fjöldi %	Reykjanes fjöldi %	Vesturland fjöldi %	Vestfirðir fjöldi %	Norðurland vestra fjöldi %	Norðurland eystra fjöldi %	Austurland fjöldi %	Suðurland fjöldi %	Alls fjöldi %
Kennarpróf almennt eða ségreint frá kennarskóla eða háskóla	686 89,9	424 78,2	112 64,7	69 59,0	72 54,5	190 64,8	92 56,5	162 68,4	1807 74,7
B.A.- eða B.S.- próf	18 2,4	24 4,4	5 2,9	2 1,7	5 3,8	12 4,1	6 3,7	10 4,3	82 3,4
Önnur háskólapróf	6 0,8	5 0,9		1 0,9	1 0,8	2 0,7	2 1,2		17 0,7
Stúdentspróf og hluti háskólanáms	33 4,3	23 4,3	7 4,0	10 8,5	9 6,8	14 4,8	10 6,1	9 3,8	115 4,8
Stúdentspróf	14 1,8	27 5,0	24 13,9	14 12,0	16 12,1	41 14,0	18 11,1	31 13,1	185 7,7
Próf úr verslunarskóla eða samvinnuskóla	3 0,4	7 1,3	2 1,2	5 4,2	3 2,3	3 1,0	4 2,5	2 0,8	29 1,2
Iðn- eða tæknifræðinám	1 0,1	8 1,5	8 4,6	2 1,7	4 3,0	6 2,1	7 4,3	6 3,4	44 1,8
Búfræði- eða garðyrkjunám		2 0,4		3 2,6	3 2,3		3 1,8	2 0,8	13 0,5
Tónlistar- eða myndlistarnám		4 0,7		1 0,9		1 0,3	1 0,6	1 0,4	8 0,3
Fósturnám		5 0,9	3 1,7		3 2,3	3 1,0	2 1,2	2 0,8	18 0,7
Landspróf eða gagnafræðapróf	2 0,3	11 2,0	11 6,4	10 8,5	13 9,8	19 6,5	14 9,2	9 3,8	90 3,7
Annað nám		2 0,4	1 0,6		3 2,3	2 0,7	3 1,8	1 0,4	12 0,5
ALLS	763 100	542 100	173 100	117 100	132 100	293 100	163 100	237 100	2420 100

framt var leitað umsagna Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Ennfremur fjallaði samstarfsnefnd menntaskólastigsins um frumvarpið. Endurskoðunin leiddi til þess að fram komu nokkrar breytingartillögur og var frumvarpinu breytt til samræmis við þær eftir því sem föng voru á, án þess þó að breyta megin stefnu frumvarpsins.

Að lokinni þessari yfirferð var frumvarpið sent eftirtöldum aðilum til umsagnar:

- 1) Sambandi isl. sveitarfélaga,
- 2) Félagi skólastjóra og yfirkennara,
- 3) Félagi háskólamenntaðra kennara,
- 4) Skólastjóraráfélagi Íslands,
- 5) Félagi skólastjóra gagnfræða- og héraðsskóla,
- 6) Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara,
- 7) Félagi menntaskólakennara,
- 8) Stjórn Sambands isl. barnakennara,
- 9) Rektor Kennaraháskóla Íslands,
- 10) Rektor Háskóla Íslands.

Þær umsagnir sem bárust hafa verið athugaðar vandlega og nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu í samræmi við þær ábendingar sem þar komu fram. Leitast hefur verið við að samræma mismunandi sjónarmið en jafnframt voru höfð í huga raunhæf vandamál sem komið geta upp við ráðningu skólastjóra og kennara.

Frumvarpið, eins og það birtist hér er því töluvert breytt frá upphaflegri mynd enda þótt meginstofninn sé sá hinn sami.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

Taflan á næstu síðu sýnir hvernig menntun starfandi kennara við grunnskóla er háttáð skólaárið 1977—1978. Það kemur glögglega í ljós að menntun þeirra sem ekki hafa full réttindi er mjög breytileg og því mismunandi hvað einstaka kennara skortir til þess að hafa réttindi til kennslu, skv. gildandi lögum.

Ýmsir þeirra, sem skv. yfirlitinu hafa ekki réttindi, hafa aflað sér viðbótar-menntunar á námskeiðum eða á annan hátt, og aukið þannig starfshæfni sína verulega, en í yfirliti eins og því sem hér fylgir, kemur þetta ekki fram enda er það miðað við tiltekin lokapróf.

Tilgangur greinarinnar er að stuðla að því, að allt nám kennara, hvort sem það fer fram á námskeiðum eða reglulega í skóla, verði metið á sama veg. Slíkt mat ætti m. a. að veita upplýsingar um hvað einstaka kennara skortir til þess að hafa réttindi til kennslu og ætti það því að hafa verulegt gildi fyrir þá sem hlut eiga að máli ekki síst þar sem gert er ráð fyrir að þessir kennarar fái tækifæri til að bæta við menntun sína, því sem á skortir, í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 19. gr.

Í þessu skyni virðist helst koma til greina að taka upp kerfi hliðstætt því sem notað er í sumum deildum Háskóla Íslands. Samkvæmt því kerfi er nám metið í einingum þar sem ein eining jafngildir fullri vinnu einnar viku. Að sjálfsögðu er það innihald námsins sem skiptir máli en ekki það hvað langan tíma hver einstaklingur þarf til þess að ljúka því. Til þess að tryggja fullt samræmi í mati náms, sem fer fram á mismunandi stöðum og tímum, er lagt til að sömu aðilar hafi jafnan matið með höndum og er eðlilegast að það séu þær stofnanir sem sjá um menntun kennara undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

##### Um 2. gr.

Nám kennara er að stofni til tvíþætt, annars vegar nám í uppeldis- og kennslufræðum og hins vegar faglegt nám eða nám á sérsviði.



Í greininni er kveðið svo á að allir kennarar skuli ljúka lágmarksnámi í uppeldis- og kennslufræðum óháð því skólastigi sem þeir ætla að kenna á. Hér er bæði átt við fræðilegt nám í nefndum greinum og hagnýt atriði sem snerta kennsluaðferðir og kennslutæki en vægi þessara tveggja þátta getur verið mismunandi eftir þeim greinum sem kennarinn sérhæfir sig í. 30 námseiningar jafngilda u.þ.b. einu námsári og er talið hæfilegt að miða við það.

Sú skoðun hefur komið fram að kennarar byrjenda hefðu þörf fyrir meira nám í þessum greinum en þeir sem stefndu að kennslu í t.d. framhaldsskóla. Talið er rétt að lögfesta aðeins lágmarksnám í þessum greinum fyrir alla kennara, en að námsbrautir innan stofnana, sem veita kennaramenntun, sjái fyrir nauðsynlegri sérhæfingu á tilteknum sviðum og er því eðlilegt að viðkomandi skóli geri frekari kröfur um nám í uppeldis- og kennslufræðum sem og öðrum greinum, eftir því sem hæfilegt er talið.

Nefndin, sem samdi frumvarpið upphaflega, lagði mikla áherslu á þýðingu kennsluæfinga og verklegrar þjálfunar fyrir kennaraefni. Var það álit sumra nefndarmanna að verja ætti u.þ.b. helmingi námstímans í uppeldis- og kennslufræðum til þessara þátta.

#### Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. er ætlað að hvetja kennara til þess að afla sér aukinnar menntunar, m. a. að því er varðar nýjungar í námsefni og kennsluaðferðum. Með þeim hætti sem um getur í greininni getur kennari smám saman öðlast aukin kennsluréttindi og rétt til hærri launa eftir því sem kjarasamningar kveða á um. Jafnframt eru sett inn ákvæði sem eiga að tryggja að sá, sem hlýtur aukin réttindi, hafi nokkuð til þeirra unnið. Sjá athugasemdir við 1. gr.

#### Um 4. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

#### Um 5. gr.

Í greininni er kveðið svo á að menntamálaráðherra skuli setja og skipa kennara og skólastjóra bæði við grunnskóla og framhaldsskóla. Í gildandi lögum eru dæmi þess að forseti Íslands skipi skólastjóra við framhaldsskóla en eðlilegt virðist að sama regla gildi um alla skóla í þessu efni.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

#### Um 6. gr.

Í greininni felst að umsækjendur um stöðu, sem fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru koma allir til álita við veitingu stöðunnar. Jafnframt er bent á nokkur atriði sem miða skal við þegar gert er upp á milli umsækjenda.

#### Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna svo og ákvæði 35. greinar grunnskólalaga. Þá er kveðið á um það að sæki enginn sem fullnægir ákvæðum laganna um stöðu kennara er heimilt að setja mann í starfið ef hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd mæla með því. Stöður, sem þannig er ástatt um, skal auglýsa árlega.

#### Um 8. gr.

Hér eru gerðar þær kröfur til umsækjenda um skólastjórastöðu, auk kröfu um fyllstu kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi, að hann hafi starfað a.m.k. tvö ár sem settur eða skipaður kennari á því skólastigi.

Auk þess sem nauðsynlegt er að umsækjandi hafi góð kynni af starfsemi þeirrar stofnunar sem hann ætlar að starfa við, er einnig mikilvægt að hann hafi kynnt sér stjórnun skóla, t. d. sótt námskeið í stjórnunarfræðum, sbr. 30. gr. grunnskólalaga.

Í nefndinni sem samdi frumvarpið upphaflega kom fram tillaga þess efnis að umsækjandi um skólastjórstöðu hefði starfað a. m. k. fimm ár sem settur eða skipaður kennari á viðkomandi skólastigi. Með tilliti til aðstæðna hér á landi áleit meiri hluti nefndarinnar að þessi tími væri óhæfilega langur.

Einnig kom fram tillaga þess efnis, að skólastjórar væru aðeins skipaðir til tiltekins árafjöldi í senn, t. d. 10 ára, en nefndin var sammála um að óeðlilegt væri að lögbinda slíkt ákvæði fyrir tiltekinn hóp starfsmanna ríkisins meðan þetta væri ekki viðtekin regla. Hins vegar taldi nefndin athugandi að koma þessari skipan á.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er hliðstæð síðari málsgrein í 7. grein og vísast til athugasemda við hana.

Um 9. gr.

Sjá athugasemd við a-lið í 11. grein.

Um 10. gr.

Nokkuð er um það að tekin sé upp kennsla í nýjum greinum og jafnvel stofnaðar nýjar námsbrautir. Þá er sumt sérnám á framhaldsskólastigi þess eðlis að ekki er með góðu móti unnt að binda í lögum tiltekin skilyrði sem kennarar verða að fullnægja, þar eð slíkt gæti orðið hemill á eðlilega starfsemi viðkomandi stofnana. Hér er t. d. um að ræða sérhæfða skóla þar sem hluti kennslugreinnanna á sér ekki hliðstæðu í öðrum skólum. Nemendur þessara skóla eru oft fáir og í sumum greinum eru horfur á að ekki þurfi meira en eina kennarastöðu, eða jafnvel hluta úr stöðu, til að fullnægja kennsluþörfinni.

Í þessum tilvikum er ekki um aðra lausn að ræða en að leita til sérfróðra manna með kennslu í þessum greinum enda þótt þeir hafi á engan hátt sérhæft sig til kennslunnar.

Hins vegar má gera ráð fyrir því að aðstæður breytist innan tíðar á þann veg að unnt verði að fá kennaramenntað fólk til kennslu sumra þeirra greina sem hér um ræðir og grundvöllur skapist til þess að setja ákveðin skilyrði um menntun kennara við hlutaðeigandi skóla. Af þessum sökum og til þess að samræmi verði í kröfum sem gerðar eru til settra eða skipaðra kennara við hina ýmsu skóla var talið nauðsynlegt að setja inn þau ákvæði sem felast í 10. gr.

## II.

### Grunnskóli.

Um 11. gr.

- a) Ákvæði þessa stafliðar taka til kennara í bóklegum greinum í grunnskóla og samrýmast lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands og frumvarpi til laga um K. H. Í. sem lagt verður fyrir yfirstandandi þing. Jafnframt er kveðið svo á að kennarar sem útskrifuðust úr Kennaraskóla Íslands hafi rétt til kennslu í grunnskóla, sbr. 10. gr.
- b) Þarfnast ekki skýringar.
- c) Ákvæði um þessa kennara er ekki að finna í núgildandi lögum. Tekið var mið af hliðstæðu kennaranámi í Noregi við samningu þessa ákvæðis en allmargir kennarar afbrigðilegra nemenda hafa hlotið menntun sína þar.
- d) Handmenntakennarar hljóta menntun sína í Kennaraháskóla Íslands og eru ákvæðin í samræmi við gildandi lög um hann. Að því er varðar ákvæði um aðra kennara, sem getið er um í þessum staflið, var haft samráð við skólastjóra þeirra skóla sem menntunina veita.
- e) Ákvæðin í þessum staflið eru í samræmi við lög nr. 65/1972 um Íþróttakennarskóla Íslands.

Um 12. gr.

Að því er varðar ákvæði þessarar greinar vísast til 74. gr. grunnskólalaga.

### III.

#### Framhaldsskólar.

##### Um 13. gr.

Þær kröfur, sem gerðar eru til kennara í bóklegum greinum við framhaldsskóla, jafngilda 4ra ára námi á háskólastigi. Þar af skal verja einu ári til náms í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 2. gr., og tveimur árum til náms í sérgrein. Skiptar skoðanir eru um ákvæði greinarinnar. Ýmsir telja eðlilegt að miða við 150 náms- einingar í stað 120 og eru viss atriði sem mæla með því. Hins vegar má benda á það að gerðar eru kröfur um 60 eininga nám í sérgrein og hafa ekki verið gerðar sérstakar athugasemdir við það ákvæði. Verði miðað við 150 einingar verður náms- tími hlutaðeigandi kennara 5 ár, í stað 4 ár, og getur hann þá tekið 60 einingar í tveimur greinum eða 90 einingar í einni og 30 einingar í aukagrein en annars 60 í einni og 30 einingar í aukagrein.

Miðað við núverandi skipan kennaramenntunar í landinu verður meira samræmi milli menntunar kennara í hinum ýmsu greinum með því að miða við 120 einingar en 150. Það færast nú mjög í vöxt að kennarar í ólíkum greinum starfi hlið við hlið innan sömu stofnunar. Er álitamál hvort æskilegt er að auka þann mismun sem nú er á kröfum til einstakra kennara umfram það sem kveðið er á um í frumvarpinu. En það er brýnt verkefni að efla menntun kennara við framhalds- skóla í ýmsum greinum, t. d. í verk- og listgreinum.

##### Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

##### Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um kennara í faggreinum við almenna framhaldsskóla. Skilyrðin, sem sett eru, miðast við gildandi lög og reglur sem hafa mótast á liðnum árum þar sem um slíkt er að ræða. Jafnframt var tekið mið af ákvæðum 13. greinar. Haft var samráð við fulltrúa frá hlutaðeigandi skólum við samningu ákvæðanna.

##### Um 16. og 17. gr.

Í þessum greinum er fjallað um kennara í faggreinum við sérskóla og kennara við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur.

Ákvæðin eru í samræmi við gildandi lög þar sem um þau er að ræða en auk þess var haft samráð við fulltrúa frá hlutaðeigandi skólum.

##### Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

##### Um 19. gr.

Á undanförunum árum hefur orðið að setja til kennarastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkvæmt gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöðu. Í umræðum um þessi mál hefur verið bent á að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku laga um embættisgengi kennara á þann veg að þeim, sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur skuli gefinn kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi er verði sér- staklega skipulagt í því skyni. Er þá haft í huga að m. a. gæti orðið um að ræða sumarnámskeið og bréfaskóla.